# HAFNARFJÖRÐUR

AÐALSKIPULAG HAFNARFJARÐAR

Á fundi bæjarstjórnar Hafnarfjarðar þann 27. september 2023 var samþykkt að breyta aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025. Breytingin felst í að breyta stærð varúðarsvæðis sem er í dag að sömu stærð og þynningarsvæðið var.

**Núverandi staða.**

Í breyting á aðalskipulagi Hafnarfjarðar sem öðlaðist gildi 23. ágúst 2023 voru feld út mörk þynningarsvæðis. Eftir stóð að í aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025 er þynningarsvæðið einnig skilgreint sem varúðarsvæði VA1 þeirri skilgreiningu var ekki breytt í aðalskipulagsbreytingunni þannig að þynningarsvæðið varð að varúðarsvæði með nánast sömu takmörkunum og voru á þynningarsvæðinu. Eins og fram kemur í aðalskipulagsbreytingunni *„Eins eru settar takmarkanir á notkun bygginga á iðnaðar- og athafnasvæðum innan varúðarsvæðisins. Í takmörkunum felst að viðkvæm starfsemi, búseta eða tímabundin gisting er ekki heimiluð á athafna- og iðnaðarsvæðinu.“*

Vilji sveitafélagsins var að minnka svæðið háð þessum takmörkunum.

Mörk þynningarsvæðis voru skilgreind sem svæði takmarkaðrar ábyrgðar í samningum Ríkistjórnar Íslands og Swiss Aluminium Ltd frá 1966. Þetta svæði takmarkaðrar ábyrðar var breytt í Aðalskipulagi Hafnarfjarðar 1995-2015 í svæði sem var skilgreint sem bráðabirgðarmörk þynningarsvæðis áætlaðrar loftmengunar. Í starfsleyfi Rio Tinto sem gefið var út 2. nóvember 2021 voru m.a. ákvæði um að þynningarsvæði yrði feld út. Í starfsleyfinu er einnig lögð áhersla á að til varnar mengunar ytra umhverfis er rekstraraðila gert skylt að nota bestu aðgengilegu tækni (BAT) við mengunarvarnir. Einnig er skylt að starfrækja umhverfisstjórnunarkerfi og efla þar umhverfisvöktun m.a. með nýrri loftgæðamælistöð sem staðsett yrði vestan við álverið. Í umhverfisvöktunar áætlun Rio Tinto á Íslandi 2011-2029 koma fram þeir þættir sem ber að vakta sem eru: loftgæði, veður, gróður og vatn, lífríki sjávars og efnasamsetning sjávar og grunnvatn.

Loftgæðamælar mæla og vakta brennisteinstvíoxið, flúr, brennisteinsvetni auk svifryks og nituroxíð. Losun loftmengunarefna eru vöktuð með bæði með símælingum og öðrum reglubundnum mælingum, jafnframt útvistar rekstraraðili vöktun umhverfisins til þriðja aðila. Umhverfisstofnun tekur við niðurstöðum allra mælinga og fylgir þeim eftir.

Varúðarsvæði er samkvæmt skipulagsreglugerð nr. 90/2013 svæði þar sem mögulega er hætta fyrir heilsu og öryggi almennings m.a. vegna mengunar frá álverum. Skylt er að tilgreina í aðalskipulagi svæði þar sem sérstakar aðstæður kalla á takmarkanir á landnotkun, mannvirkjagerð, umgengni eða þar sem heilsu eða öryggi kann að vera ógnað, svo sem vegna hávaða, mengunar, hættulegra efna og annarra takmarkana sem setja þarf í varúðarskyni.

**Forsendur.**

Í nóvember 2020 kom úr skýrsla sem unnin var fyrir Hafnarfjarðarbæ að fyrirtækinu ReSource International ehf umhverfisráðgjöf. Í skýrslunni var metin dreifing loftmengunar vegna starfsemi Rio Tinto byggð á nýjustu gögnum vegna endurskoðunar á stærð þynningarsvæðisins í kringum álverið.

Í niðurstöðum skýrslunnar er gerð ný tillaga að umhverfismörkum/öryggismörkum. Einnig er lagt til að gera frekari umhverfismælingar

Á fundi skipulags- og byggingarráðs þann 3. nóvember 2020 og bæjarstjórnar þann 11. nóvember 2020 var samþykkt á grundvelli skýrslu ReSource International ehf. að minnka bæði þynningar- og varúðarsvæði. Einnig að gerð verði ný tillaga að umhverfismörkum í kringum álverið sem byggð er á niðurstöðum mengunarútreikninga og byggist á hvar áætlað er að viðmiðunarmörkin 0,3 mu/m3 fyrir loftkennt flúoríð liggi. Einnig tekur skipulags- og byggingarráð undir það sem lagt er til í lok skýrslunnar að mælingum skuli fjölgað nær byggð í Vallarhverfi, Skarðshlíð og Hamranesi.

**Lýsing.**

Breytingin felur í sér að stærð varúðarsvæðis er minnkað. Í breytingu sem gerð var á aðalskipulagi Hafnarfjarðar og öðlaðist gildi 23. ágúst 2022 voru mörk þynningarsvæðis fellt niður en í stað þeirra var mörkunum breytt í varúðarsvæði. Í skýrslu ReSource er gerð tillaga að ný umhverfismörkum í kringum álverið sem byggð er á niðurstöðum mengunarútreikninga. Þessi mörk eru töluvert minni en fyrrum þynningarsvæði var og er í gildandi aðalskipulagi nú varúðarsvæði. Í þessari breytingu er varúðarsvæði álversins breytt til samræmis við þær stærðir á svæði sem lagðar eru fram í skýrslunni.

Í niðurlagi skýrslu ReSours kemur fram að ReSource gerir tillögu að nýjum umhverfismörkum í kringum álverið sem byggð er á niðurstöðum mengunarútreikninga og byggist á hvar áætlað er að viðmiðunarmörkin 0,3 µg /m3 fyrir loftkennt flúoríð liggi. Þar kemur fram að ef skoðuð eru viðmiðunarmörk fyrir öll efnin og dreifing á þeim yfir þynningarsvæðið og svæði takmarkaðrar ábyrgðar þá er það einkum styrkur flúoríðs sem fer yfir þau mörk innan umhverfismarka í kringum álverið. Því er hægt að draga ný umhverfismörk miðað við jafngildislínurnar 0,3 µg / m3 fyrir loftkennt flúoríð vitandi það að önnur efni fara ekki yfir sín viðmiðunarmörk utan jafngildislínanna fyrir flúoríð.

Að auki þar sem að ADMS* líkanið ofmetur styrk flúoríðs verða þessi mörk að teljast varfærnisleg ReSource leggur þó áherslu á að frekari mælingar (loftgæða- og gróðurmælingar) verði gerðar vestan við álverið og á þeim stöðum sem fyrirhugað er að byggja upp á í samráði við eftirlitsaðila og umhverfis- og heilbrigðisyfirvöld til þess að ná enn betur utan um dreifingu mengunarefna á svæðinu.

Eins og fram kemur í skýrslunni er brýnt að horfa til heildarumhverfisþátta þegar metið er hvaða starfsemi henti á fyrirhuguðum uppbyggingarsvæðum. Á varúðarsvæðinu er iðnaður í flokki B3. Í samræmi við aðalskipulag Hafnarfjarðar er iðnaður í flokki B3 skilgreindur sem þungur iðnaður sem getur haft neikvæð umhverfisáhrif í för með sér og háður lögum og reglum um mengunarvarnir. Iðnaðarsvæðið í Kapelluhrauni er allt innan varúðarsvæðinu og er því iðnaðurinn í flokki B3. Við breytingu þessa lendir iðnaðarsvæðið í Kapelluhraunið allt innan varúðarsvæðis og að hluta til iðnaðarsvæðið í Hellnahrauni. Sá hluti iðnaðarsvæðis Hellnahrauns sem lendir innan varúðarsvæðisins verður áfram fyrir starfsemi í flokki B3. Á svæðinu sem lendir utan við ný mörk varúðarsvæði má gera ráð fyrir annarri starfsemi en þeirri sem fellur í flokk B3 eins og til dæmis starfsemi í flokki B1 og B2 en það er nánar ákveðið í deiliskipulagi. Innan svæðisins VA1 eftir breytingu er gert ráð fyrir starfsemi í flokki B3.

**Breytingar á landnýtingarflokkum.**

**Í töflu 21 „Yfirlit yfir varúðarsvæði“ VA1, þynningarsvæði álvers breytist í Varðúðarsvæðið.**

| Merking | Heiti | Stærð ha | Lýsing |
|---|---|---|---|
| *VA1* | *Varúðarsvæði álvers* | *986* | *Innan svæðisins skal sinna mengungarmælingum og takmörkun er varðandi starfsemi.* |

*Tafla 21. Yfirlit yfir varúðarsvæði (bls. 64)*

**Eftir breytingu verður tafla 21:**

**Í töflu 21 „Yfirlit yfir varúðarsvæði“ VA1, þynningarsvæði álvers breytist í Varðúðarsvæðið.**

| Merking | Heiti | Stærð ha | Lýsing |
|---|---|---|---|
| *VA1* | *Varúðarsvæði álvers* | *398* | *Innan svæðisins skal sinna mengungarmælingum og takmörkun er varðandi starfsemi.* |

*Tafla 21. Yfirlit yfir varúðarsvæði (bls. 64)*

**Fornminjarminjar**

Svæðið sem hefur verið skilgreint sem varúðarsvæði er að mestu hraunsvæði og töluvert er búið að raska því. Á því má finna þekktar minjar. Að falla frá varúðarsvæði hefur ekki áhrif á minjar á svæðinu, enda um að ræða mörk svæðis loftmengunar. Komi áður óþekktar minjar í ljós við framkvæmdir á svæðinu, verður Minjastofnun gert viðvart.

*Í dreifispá ReSource er notað ADMS 5 líkankerfið sem er þróað af Cambridge Environmental Research Consultants (CERC). CERC er leiðandi fyrirtæki í þróun umhverfishugbúnaðar og tengdri ráðgjöf. ADMS líkankerfið - Athmospheric Dispersion Modelling System er flaggskip fyrirtækisins og eru mörg hundruð aðila fyrirtækja, opinbera stofnanir sem og rannsóknarstofnanir sem nota það kerfi2. CERC rýndi uppsetningu, gagnaform, forsendur líkans RSI fyrir álverið sem og niðurstöður útreikninga.

## SAMÞYKKTIR

Aðalskipulagsbreyting þessi var auglýst samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010

Tillagan var auglýst frá 6.02. 2025 til 20.03. 2025 og var samþykkt í bæjarstjórn Hafnarfjarðar

þann: 9.04. 2025

Valdimar Víðisson

Bæjarstjórinn í Hafnarfirði

Aðalskipulagsbreyting þessi var staðfest af skipulagsstofnun skv. 32. gr. skipulagslaga nr.123/2010.

þann: 28. maí 2025.

Auglýsing um gildistöku breytingarinnar var birt í B-deild stjórnartíðinda þann:____________2025




FYRIR Aðalskipulag Hafnarfjarðar 2013-2025 - Staðfest af skipulagsstofnun, með áorðnum breytingum




EFTIR Breytt landnotkun —·— Mörk breytinga

1:15.000

## Skýringar:

| | |
|---|---|
| M | Miðbær, miðsvæði |
| VÞ | Verslunar- og þjónustusvæði |
| S | Samfélagsþjónusta |
| I | Iðnaðarsvæði |
| AT | Athafnasvæði |
| ÍB | Íbúðarsvæði |
| H | Hafnarsvæði |
| F | Svæði fyrir frístundabyggð |
| K | Kirkjugarðar og grafreitir |
| E | Efnistöku- og efnislosunarsvæði |
| ÍÞ | Íþróttasvæði |
| ÓB | Óbyggð svæði |
| AF | Afþreyingar- og ferðamannasvæði |
| | Skipulagi frestað |
| SL | Skógræktar og landgræðslusvæði |
| OP | Opin svæði |
| V | Vötn, ár og sjór |
| FS | Friðlýst svæði |
| ÖN | Önnur náttúruverndarsvæði |
| HV | Hverfisvernd (hvít yfirstrikun) |
| | Friðlýstar fornminjar |
| VB | Vatnsbólasvæði |
| VG | Vatnsvernd Grannsvæði (vatnsvernd II) |
| VF | Vatnsvernd Fjarsvæði (vatnsvernd III) |
| VA | Bráðabirgða þynningarsvæði álvers sett af Hollustuvernd ríkisins 1997 |
| | Svæði takmarkaðrar ábyrgðar, greinargerð 2,2,6 Iðnaðarsvæði bls. 49 |
| | Sveitarfélagsmörk |
| | Stofnbrautir |
| | Stofnbraut, jarðgöng |
| | Tengibrautir |
| | Safngötur, sýndar að hluta v/tenginga |
| | Mislæg gatnamót |
| | Undirgöng / brú |
| | Göngu- og hjólaleiðir |
| | Reiðleiðir |
| | Útivistarstígar |
| R | Háspennulína |
| R | Jarðstrengur |
| V | Aðveituæð vatnsveitu |
| H | Aðveituæð hitaveitu |
| F | Frárennsli |
| | Varnargarðar |
| | Þéttbýlismörk |
| R | Tengivirki |
| S | Spennistöð |

BREYTING Á AÐALSKIPULAGI HAFNARFJARÐAR 2013-2025
SVÆÐI: STRAUMSVÍK OG KAPELLUHRAUN - Varúðarsvæði minnkað.

UMHVERFIS- OG SKIPULAGSSVIÐ HAFNARFJARÐAR

ANNA MARGRÉT TÓMASDÓTTIR

A1

T:\AUTOCAD\Þórdís\Anna Margrét\ASK 2013 Aðalskipulag Hfj Gildar BR 012023 thynningarsvaedi 29.10.2024.dwg